

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

Akralundur 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 22. nóvember 2016 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 2. áfanga vegna lóðarinnar við Akralund 4. Í breytingunni felst að lengja byggingarreit um 1,5 m í átt að lóð nr. 2 við Akralund. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Krókatún 22-24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 22. nóvember 2016, breytingu á deiliskipulagi Grenja, hafnarsvæði H3, vegna lóðarinnar við Krókatún 22-24. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit um 30 m². Byggingarlína lengist um 1,8 m í átt að Krókalóni, nýtingarhlutfall er óbreytt. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 23. nóvember 2016.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2016